

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2020/1095****2021/EES/22/32**

frá 24. júlí 2020

**um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/502 um leyfi fyrir blöndu með *Saccharomyces cerevisiae*
NCYC R404 sem fóðurukefni fyrir mjólkurkúr (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ⁽¹⁾, einkum 3. mgr. 13. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1831/2003 var blanda með *Saccharomyces cerevisiae* NCYC R404 leyfð sem fóðurukefni fyrir mjólkurkúr með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/502 ⁽²⁾.
- 2) Reglugerð (ESB) 2015/502 var breytt með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/146 ⁽³⁾.
- 3) Hinn 8. janúar 2020 lagði leyfishafinn Micron Bio-Systems Ltd fram umsókn skv. 3. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 þar sem lagt er til að heiti fulltrúa hans verði breytt. Umsækjandinn greinir frá því að FF Chemicals BV verði fulltrúi hans í Sambandinu fyrir viðkomandi fóðurukefni. Umsókninni fylgdu viðeigandi gögn henni til stuðnings.
- 4) Fyrirhuguð breyting á skilmálum leyfisins er eingöngu stjórnsýslulegs eðlis og felur ekki í sér nýtt mat á viðkomandi aukefni. Matvælaöryggisstofnun Evrópu var upplýst um umsóknina.
- 5) Til að gera FF Chemicals BV kleift að koma fram sem fulltrúi leyfishafans er nauðsynlegt að breyta skilmálum viðkomandi leyfis. Þess vegna ætti að breyta heiti fulltrúans í titli framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2015/502 og í viðaukanum við hana.
- 6) Því ætti að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/502 til samræmis við það.
- 7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Breytingar á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/502

Framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/502 er breytt sem hér segir:

- 1) Í stað orðanna „Micron Bio-Systems Ltd, fulltrúi er FeedVision BV“ í titlinum kemur „Micron Bio-Systems Ltd, fulltrúi er FF Chemicals, BV“.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 241, 27.7.2020, bls. 18. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 14/2021 frá 5. febrúar 2021 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjtið. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

(2) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/502 frá 24. mars 2015 um leyfi fyrir blöndu með *Saccharomyces cerevisiae* NCYC R404 sem fóðurukefni fyrir mjólkurkúr (handhafi leyfis er Micron Bio-Systems Ltd, fulltrúi er FeedVision BV) (Stjtið. ESB L 79, 25.3.2015, bls. 57).

(3) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/146 frá 30. janúar 2019 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/502 um leyfi fyrir blöndu með *Saccharomyces cerevisiae* NCYC R404 sem fóðurukefni fyrir mjólkurkúr (Stjtið. ESB L 27, 31.1.2019, bls. 12).

- 2) Í stað orðanna „Micron Bio-Systems Ltd, fulltrúi er FeedVision BV“ í öðrum dálki viðaukans með fyrirsögninni „nafn leyfishafa“ koma orðin „Micron Bio-Systems Ltd, fulltrúi er FF Chemicals BV“.

2. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 24. júlí 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.
